

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1456 2023/EES/37/12****frá 2. júní 2021****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 með því að tilgreina skilyrði þess að viðskiptaskilmálar fyrir stöðustofnunarþjónustu fyrir OTC-afleiður teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. a 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hefur verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 <sup>(2)</sup>. Með þessum breytingum hefur m.a. verið innleidd sú skylda stöðustofnaraðila og viðskiptavina sem veita stöðustofnunarþjónustu, hvort sem er beint eða óbeint („veitendur stöðustofnunarþjónustu“), til að veita slíka þjónustu á sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar. Í þágu réttarvissu fyrir veitendur stöðustofnunarþjónustu og væntanlega eða núverandi viðskiptavinum þeirra er nauðsynlegt að tilgreina þau skilyrði þar sem viðskiptaskilmálar eiga að teljast sanngjarnir, eðlilegir, gagnsæir og án mismununar.
- 2) Þegar tillit er tekið til þess að markmið 3. mgr. a 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er að auðvelda aðgengi að stöðustofnun fyrir viðskiptavinum sem hafa takmörkuð umsvif á OTC-afleiðumarkaðnum og eiga í erfiðleikum með að fá aðgang að miðlægrri stöðustofnun og í ljósi þess hve mikilvægt það er fyrir mótaðila sem falla undir stöðustofnarskyldu að hafa aðgang að stöðustofnun ætti þessi reglugerð að gilda um veitingu stöðustofnunarþjónustu í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnarskylduna skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og að viðskiptavinir í Sambandinu njóti góðs af sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar, ætti þessi reglugerð að gilda þegar þessi stöðustofnunarþjónusta er veitt í Sambandinu.
- 3) Til að tryggja gagnsæi ættu veitendur stöðustofnunarþjónustu að lýsa ferlinu sem leiðir til samþykktar á samningsskilmálum og uppsetningu á verkferlum fyrir stöðustofnunarþjónustu („nýskráningu í viðskipti“) og gera eyðublað fyrir beiðni um tilboð aðgengilegt á vefsetrum sínum. Af sömu ástæðu ættu allir veitendur stöðustofnunarþjónustu að birta væntanlegum viðskiptavinum upplýsingar um helstu viðskiptaskilmála.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 317, 8.9.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnarskyldu, frestun á stöðustofnarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).

- 4) Þótt veitendur stöðustofnunarþjónustu ættu að geta stýrt þeirri áhættu sem felst í veitingu stöðustofnunarþjónustu ætti samræmt áhættumat á væntanlegum og núverandi viðskiptavinum að tryggja að viðskiptaskilmálar séu sanngjarnir og án mismununar, með hliðsjón af kostnaði og áhættu. Sumum veitendum stöðustofnunarþjónustu er þegar gert að meta þá áhættu sem stafar af viðskiptavinum í samræmi við þau viðmið sem mælt er fyrir um í 25. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 <sup>(3)</sup>. Til að tryggja samræmt áhættumat á viðskiptavinum um leið og dregið er úr stjórnsýslubrýði á veitendur stöðustofnunarþjónustu og koma í veg fyrir tvítekningu og ósamkvæmni reglna ættu allir veitendur stöðustofnunarþjónustu að meta viðskiptavini á grundvelli þeirra viðmiða sem mælt er fyrir um í 25. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.
- 5) Til að tryggja sanngjarna viðskiptaskilmála og óhlutdræga og skynsamlega samninga, ættu gjöld, verð og afsláttur að byggjast á hlutlægum viðmiðum, þ.m.t. því magni sem er stöðustofnað, stöðustofnarmynstrum og þörfum og kröfum viðskiptavina. Til að koma í veg fyrir ójafnvægi í verðlagningu og hagsmunaárekstra ætti að skipuleggja gjöld, verð og afslátt vandlega. Gera ætti skýran greinarmun á gjöldum hlutaðeigandi viðskiptavina sem byggjast á kostnaði sem tengist veitingu stöðustofnunarþjónustu á beinan hátt og kostnaði sem tengist veitingu stöðustofnunarþjónustu almennt, og tilgreina sérstaklega hvern kostnaðarlið, þ.m.t. upplýsingatæknikostnað, kostnað við leyfisveitingu og kostnað við umsjón veðtrygginga.
- 6) Samningsskilmálar ættu að tilgreina skilyrði og viðmið fyrir samþykki viðskipta sem viðskiptavinir leggja fram til stöðustofnunar og fyrir rétt veitanda stöðustofnunarþjónustu til að fresta stöðustofnunarþjónustu og innleysa eða loka stöðum viðskiptavina. Undanþága frá þessum skilyrðum og viðmiðum ætti að vera möguleg ef það er réttmætt og tilhlýðilega rökstutt, þ.m.t. til að stýra þeirri áhættu sem fylgir veitingu stöðustofnunarþjónustu.
- 7) Til að tryggja fyrirsjáanleika og samfellu stöðustofnunarþjónustu ættu veitendur stöðustofnunarþjónustu að veita a.m.k. sex mánaða uppsagnarfrest vegna uppsagnar á samningum eða vegna breytinga sem hafa veruleg áhrif á umsamda skilmála og skilyrði. Styttri uppsagnarfrestur ætti að vera mögulegur ef hann er réttmætur og tilhlýðilega rökstuddur, þ.m.t. til að stýra þeirri áhættu sem fylgir veitingu á stöðustofnunarþjónustu.
- 8) Bæði væntanlegir viðskiptavinir og þeir sem fyrir eru ættu að njóta góðs af sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar. Þar sem nýju skilyrðin munu koma mögulegum viðskiptavinum til góða frá og með þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda ættu veitendur stöðustofnunarþjónustu og núverandi viðskiptavinir að hafa nægan tíma til að endurskoða og, þar sem við á, aðlaga umsamda viðskiptaskilmála fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 9) Ákvæði 3. mgr. a 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 hafa þegar öðlast gildi og gilda frá 18. júní 2021. Til að tryggja réttaröryggi með tilliti til skilyrðanna fyrir því að viðskiptaskilmálar teljist vera sanngjarnir, eðlilegir, gagnsærir og án mismununar, ætti reglugerð þessi að öðlast gildi sem fyrst. Til að veita veitendum stöðustofnunarþjónustu nægan tíma til undirbúnings á framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fresta framkvæmd hennar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um stöðustofnunaraðila og viðskiptavini sem veita stöðustofnunarþjónustu í Sambandinu, óháð því hvort þessi þjónusta er veitt á beinan eða óbeinan hátt („veitendur stöðustofnunarþjónustu“), ef þessi þjónusta er veitt í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnunarskyldu skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 frá 19. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 417).

2. gr.

**Sanngjarnir, eðlilegir og gagnsæir viðskiptaskilmálar án mismununar**

Viðskiptaskilmálar fyrir stöðustofnunarþjónustu sem veitendur stöðustofnunarþjónustu veita skulu teljast sanngjarnir, eðlilegir, gagnsæir og án mismununar ef þeir uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

3. gr.

**Umbreytingarákvæði**

Viðskiptaskilmálar fyrir stöðustofnunarþjónustu sem eru samþykktir fyrir 9. september 2021 skulu endurskoðaðir og, ef nauðsyn krefur til að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum, breytt fyrir 9. september 2022.

4. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. mars 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**1. Gagnsæi nýskráningar í viðskipti**

- 1.1. Veitandi stöðustofnunarþjónustu birtir á vefsetri sínu lýsingu á því ferli sem leiðir til samþykktar á samningsskilmálum og uppsetningu á verkferlum fyrir stöðustofnunarþjónustu („nýskráningu í viðskipti“). Lýsingin felur í sér eftirfarandi:
- a) mismunandi skref ferlisins,
  - b) áætlaða tímaáætlun til að ljúka mismunandi skrefum ferlisins,
  - c) eyðublað til að óska eftir tilboði frá veitanda stöðustofnunarþjónustu um að gerast viðskiptavinur („eyðublað fyrir beiðni um tilboð“), eins og sett er fram í 2. lið,
  - d) þau lykildöggn sem væntanlegir viðskiptavinir þurfa að leggja fram hjá veitanda stöðustofnunarþjónustu, ásamt eyðublaði fyrir beiðni um tilboð.
- 1.2. Væntanlegir viðskiptavinir hafa val um að nota það eyðublað fyrir beiðni um tilboð sem sett er fram í 2. lið, eða hvers kyns annað eyðublað fyrir beiðni um tilboð.
- 1.3. Veitandi stöðustofnunarþjónustu sem ákveður að svara ekki beiðni um tilboð með tilboði skal tilkynna væntanlegum viðskiptavini um það án ástæðulausrar tafar.

**2. Eyðublað fyrir beiðni um tilboð**

- 2.1. Eyðublað fyrir beiðni um tilboð inniheldur eftirfarandi:

- a) upplýsingar um væntanlegan viðskiptavin:
  - i. lögheiti,
  - ii. auðkenni lögaðila,
  - iii. hvort væntanlegur viðskiptavinur sé fjárhagslegur eða ófjárhagslegur mótaðili og hvort hann fellur undir stöðustofnunarskyldu í samræmi við 4. gr. a eða 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012;
  - iv. athafnasvið,
- b) upplýsingar um þau gögn sem væntanlegur viðskiptavinur verður að afhenda veitanda stöðustofnunarþjónustu sem hluta af nýskráningu í viðskipti,
- c) upplýsingar um viðkomandi OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. hvort þessir samningar falla undir stöðustofnunarskyldu í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- d) hvers kyns upplýsingar eða gögn sem væntanlegur viðskiptavinur skal leggja fram hjá veitanda stöðustofnunarþjónustu til að gera honum kleift að gera vel upplýst og ítarlegt tilboð um eftirfarandi:
  - i. gildissvið hvers kyns stöðustofnunarþjónustu með tilliti til OTC-afleiðusamninga,
  - ii. gjöld, kostnað og afslátt,
  - iii. niðurstöðu matsins sem um getur í 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/589,
  - iv. samningsskilmála og skilyrði,
  - v. samþykktar tryggingar,
  - vi. gildandi frádrag,
  - vii. viðmiðin fyrir móttöku fyrirmæla,
  - viii. skilyrði fyrir frestun á hvers kyns stöðustofnunarþjónustu eða innlausn eða lokun á stöðum,
  - ix. skilyrði fyrir slit samkomulags um veitingu stöðustofnunarþjónustu,
  - x. upplýsingataeknikröfur.

### 3. **Birting viðskiptaskilmála**

- 3.1. Tilboð sem veitandi stöðustofnunarþjónustu gerir sem svar við fullgerðri beiðni um tilboð inniheldur eftirfarandi, á skýran og skipulegan hátt:
- a) þær upplýsingar sem um getur í eftirfarandi ákvæðum:
    - i. ákvæði 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
    - ii. ákvæði 7. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
  - b) skilmála og skilyrði sem veitandi stöðustofnunarþjónustu býður upp á, þ.m.t. skilmála og skilyrði sem eru sérstök fyrir væntanlegan viðskiptavin,
  - c) samþykktar tryggingar,
  - d) gildandi frádrag,
  - e) viðmiðin fyrir móttöku fyrirsmæla,
  - f) skilyrði fyrir frestun á hvers kyns stöðustofnunarþjónustu eða innlausn eða lokun á stöðum,
  - g) skilyrði fyrir slit samkomulags um veitingu stöðustofnunarþjónustu,
  - h) hvers kyns gildandi upplýsingatæknilausnir og -kröfur.

### 4. **Mat vegna áhættustýringar**

- 4.1. Veitandi stöðustofnunarþjónustu gerir mat á væntanlegum viðskiptavini eða viðskiptavini sem fyrir er í samræmi við 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/589.
- 4.2. Veitandi stöðustofnunarþjónustu tilkynnir væntanlegum viðskiptavini eða viðskiptavini sem fyrir er um niðurstöðu matsins sem um getur í lið 4.1.

Ef niðurstaðan er neikvæð tilkynnir veitandi stöðustofnunarþjónustu væntanlegum viðskiptavini, eftir beiðni, um helstu ástæður fyrir neikvæðu mati og um þau viðmið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 25 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/589 sem hafa ekki verið uppfylltar.

### 5. **Viðskiptaskilmálar**

- 5.1. Viðskiptaskilmálar fyrir veitingu stöðustofnunarþjónustu, sem veitandi stöðustofnunarþjónustu og viðskiptavinur hafa komið sér saman um, eru skýrir og tæmandi og ná yfir alla nauðsynlega skilmála og skilyrði fyrir veitingu stöðustofnunarþjónustu.

### 6. **Gjöld og kostnaður sem velt er áfram**

- 6.1. Gjöld, verð og afsláttur eru gagnsæ og byggjast á hlutlægri viðmiðun.
- 6.2. Í viðskiptaskilmálunum eru veittar upplýsingar um hvers kyns gjöld sem viðskiptavinur greiðir og veltir áfram kostnaði sem tengist veitingu á stöðustofnunarþjónustu („kostnaður sem velt er áfram“).
- 6.3. Öll gjöld, verð, afsláttur og kostnaður sem velt er áfram, samkvæmt samkomulagi milli veitanda stöðustofnunarþjónustu og viðskiptavinar, er skýrt skilgreindur í viðskiptaskilmálunum.

### 7. **Synjun á stöðustofnunartilmælum, frestun, innlausn eða lokun á stöðum viðskiptavina og uppsagnarfrestum**

- 7.1. Veitandi stöðustofnunarþjónustu getur ekki synjað beiðni viðskiptavinar um stöðustofnun á OTC-afleiðusamningi („stöðustofnunarfyrirmælum“) sem uppfylla umsamda skilmála og skilyrði fyrir því að slík fyrirmæli séu samþykkt, nema slík synjun sé réttmæt og tilhlýðilega rökstudd, en þá skal veitandi stöðustofnunarþjónustu rökstyðja synjunina skriflega fyrir viðskiptavininum, sé þess óskað.

- 7.2. Veitanda stöðustofnunarþjónustu er einungis heimilt að fresta stöðustofnunarþjónustu, innleysa eða loka stöðum viðskiptavinar að uppfylltum samþykktum skilmálum og skilyrðum fyrir slíkri frestun, innlausn eða lokun, nema slík frestun, innlausn eða lokun sé réttmæt og tilhlýðilega rökstudd, en þá skal veitandi stöðustofnunarþjónustu veita viðskiptavininum skriflegan rökstuðning, sé þess óskað.
- 7.3. Viðskiptavinur skal vera upplýstur um eftirfarandi með a.m.k. sex mánaða fyrirvara, nema styttri uppsagnarfrestur sé réttmætur og tilhlýðilega rökstuddur:
- a) slit samkomulags um veitingu stöðustofnunarþjónustu,
  - b) hvers kyns verulega breytingu á skilmálum og skilyrðum sem stöðustofnunarþjónustan er veitt samkvæmt.

\_\_\_\_\_